



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Dagsetning: 04.12.2014
Skrifstofa: Þjónustan heim
Unnið af: ÞGE, BS, HJB, BM
Ábyrgð: Stefán Eiríksson
GoPro:

Lagt fyrir velferðarráð 4. desember 2014

Tillaga

að reglum um ferðapjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík

Tillaga: Lagt er til að velferðarráð samþykki meðfylgjandi reglur um ferðapjónustu fatlaðs fólks.

Greinargerð með tillögu:

Tillaga stjórnar Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að samkomulagi um sameiginlega ferðapjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu, ásamt tillögu að sameiginlegum reglum um ferðapjónustuna og þjónustulýsingu vegna verkefna Strætó bs. við framkvæmd þjónustunnar, var samþykkt á fundi velferðarráðs þann 30. apríl 2014 og á fundi borgarráðs þann 2. maí 2014. Í samkomulaginu felst að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu fela Strætó bs. að annast framkvæmd þjónustunnar með rekstri sérstaks þjónustuborðs og með því að annast útboð á öllum akstri sem tengist ferðapjónustu fatlaðs fólks. Samningskaupaferlinu lauk í byrjun september sl. og fela samningarnir í sér framkvæmd á ferðapjónustu fyrir fatlað fólk frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2019.

Við mótnun sameiginlegra reglna var haft talsvert samráð við hagsmunaaðila. Þeim var sérstaklega kynnt sú tillaga að fela Strætó bs. að annast framkvæmd verkefnisins og það skráningar- og tölvukerfi sem notað verður við rekstur þjónustuborðs Strætó bs.

Á fundi velferðarráðs þann 30. apríl 2014, þegar sameiginlegu reglurnar um ferðapjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu voru samþykktar, kom m.a. fram í umsögn velferðarráðs:

„Velferðarráð áréttar mikilvægi þess að hvert sveitarfélag geti ákvarðað þjónustustig og gjaldskrár sbr. ákvæði í sameiginlegum reglum hér að neðan. Samkvæmt sameiginlegum reglum sveitarfélaganna getur þjónustustig verið mismunandi milli sveitarfélaga svo og gjaldskrár. Er það í samræmi við vilja Reykjavíkurborgar“.

Sameiginlegar reglur ferðapjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu eru settar á grundvelli 35. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum og við gerð þeirra var stuðst við leiðbeinandi reglur velferðarráðuneytisins fyrir sveitarfélög um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk frá 24. janúar 2012. Reglurnar mynda sameiginlegan grunn en sveitarfélögunum er heimilt að setja eigin reglur, gangi þær ekki gegn sameiginlegu reglunum. Samkvæmt sameiginlegum reglum sveitarfélaganna getur þjónustustig verið mismunandi milli sveitarfélaga sem og gjaldskrár.

Áherslur nýrra reglna

Nýjar reglur um ferðapjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík sem hér eru lagðar fram leysa af hólmi reglur um ferðapjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 19. október 2005 og á fundi borgarráðs þann 24. nóvember 2005 með breytingum samþykktum á fundi í velferðarráði þann 3. febrúar 2011 og á fundi í borgarráði þann 10. febrúar 2011.

Þegar hafa verið samþykktar sameiginlegar reglur ferðapjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu. Nú eru lagðar fyrir velferðarráð til kynningar reglur Reykjavíkurborgar um ferðapjónustu fatlaðs fólks en samkvæmt framansögðu er sveitarfélögunum heimilt að setja eigin reglur, gangi þær ekki gegn sameiginlegu reglunum.

Í gildandi reglum Reykjavíkurborgar er hámark ferða hjá hverjum einstaklingi 60 ferðir á mánuði, en nú er um breytt viðmið að ræða. Fjöldi ferða í heild, þ.e. til vinnu, skóla, lækninga, hæfingar og einkaerinda skal áfram ekki fara yfir 60 ferðir á mánuði en nú er þjónustumiðstöð heimilt að veita fleiri ferðir til þeirra notenda sem eru, auk þess að stunda vinnu eða skóla, í mikilli virkni, s.s. íþróttum eða skipulögðu félagsstarfi. Umframferðirnar geta að hámarki verið 20 talsins og heildarfjöldi ferða ekki meiri en 80 ferðir á mánuði. Notandi skal þá, samkvæmt gjaldskrá, greiða herra gjald fyrir ferðir umfram 60 á mánuði.

Aðrar breytingar tengjast aukinni kröfu um gagnsæi í framkvæmd um þjónustuveitingu, betra aðgengi upplýsinga fyrir umsækjendur og þar af leiðandi betri möguleika á samráði um að þjónustan mæti ólíkum þörfum þeirra. Þessi atriði hafa áður verið hluti af framkvæmdinni og með því að festa þau í reglur munu umsækjendur nú hafa möguleika á betri innsýn í forsendur ákvarðana um þjónustu.

Samráð

Í aðdraganda sameiginlegs útboðs var haldinn stór samráðsfundur þann 21. janúar 2013 með hagsmunasamtökum og notendum á höfuðborgarsvæðinu. Þegar sameiginlegar reglur voru í mótnun var aftur staðið að samráðsfundi þann 6. febrúar 2014 með hagsmunasamtökum og fulltrúum notenda.

Drög að reglum um ferðapjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík voru lögð fra til kynningar á fundi velferðarráðs þann 5. nóvember 2014. Að lokinni kynningu á fundi velferðarráðs var tólf hagsmunasamtökum fatlaðs fólks ásamt réttindagæslumönnum send drög að reglum um ferðapjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík. Þetta voru; Öryrkjabandalag Íslands, Ás styrktarfélag, Einhverfusamtökin, Geðhjálp, MND félagið á Íslandi, MS félag Íslands, Parkisonsamtökin á Íslandi, Landssamtökin Þroskahjálp, SEM-samtök endurhæfðra mænuskaddaðra, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Sjálfsbjörg-Landssamband fatlaðra, Blindrafélagið og réttindagæslumenn fatlaðs fólks.

Þann 7. nóvember 2014 var framangreindum aðilum jafnframt boðið á samráðsfund með kjörnum fulltrúum og starfsmönnum Velferðarsviðs. Sex hagsmunasamtök þ.e. Ás styrktarfélag Blindrafélagið, Einhverfusamtökin, Landssamtökin Þroskahjálp, MND félagið á Íslandi og Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra sendu fulltrúa sína á fundinn og þar fór fram gagnlegt samtal um drög að reglum um ferðapjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík. Að fundi loknum var öllum hagsmunasamtökunum ásamt réttindagæslumönnum send til upplýsingar samkomulag um sameiginlega ferðapjónustu fatlaðs fólks á

höfuðborgarsvæðinu, sameiginlegar reglur um ferðaþjónustuna og þjónustulýsing vegna verkefna Strætó bs. við framkvæmd þjónustunnar, sem var samþykkt á fundi velferðarráðs þann 30. apríl 2014 og á fundi borgarráðs þann 2. maí 2014. Þetta var gert vegna þess að á fundinum kom í ljós að þörf var á viðbótarupplýsingum um þær breytingar sem verða á framkvæmd þjónustunnar þann 1. janúar 2015.

Umsagnir bárust frá sjö hagsmunasamtökum auk réttindagæslumanna fatlaðs fólks þ.e. frá Ás styrktarfélagi, Blindrafélaginu, Geðhjálpi, Landssamtökunum Þroskahjálpi, SEM-samtökum endurhæfðra mænuskaddaðra, Sjálfsbjörg-Landssambandi fatlaðra og Öryrkjabandalagi Íslands. Flestar athugasemdirnar tengdust samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk, samkvæmt lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum og sameiginlegum reglum um ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 30. apríl 2014 og á fundi borgarráðs þann 2. maí 2014. Ítarlega var farið yfir allar athugasemdirnar og breytingar á þeim ákvæðum sem Reykjavíkurborg setur sjálf fram í sameiginlegum reglum um ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

Samantekt:

Reglur um ferðaþjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík eru byggðar á sameiginlegum reglum ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu sem þegar hafa verið samþykktar, ásamt útfærslu Reykjavíkurborgar á þeim ákvæðum sem sveitarfélög setja sjálf, þ.e. fjölda ferða og gjaldskrá. Aðrar breytingar tengjast gagnsæi í framkvæmd þjónustu og veita umsækjendum betri innsýn í forsendur ákvarðana þjónustumiðstöðva. Samráð var haft við hagsmunasamtök og réttindagæslumenn, bæði með sérstökum samráðsfundi þann 7.nóvember 2014 um breytingar á reglum um ferðaþjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík og með því að bjóða þeim að koma með skriflegar umsagnir. Ítarlega var farið yfir allar athugasemdir sem bárust og tillit tekið til þeirra eins og kostur var.

Tillaga: Lagt er til að velferðarráð samþykki meðfylgjandi reglur um ferðaþjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík.

Reglur um ferðaþjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík

1. gr. Notendur þjónustunnar

Ferðaþjónusta fatlaðs fólks þjónar þeim íbúum Reykjavíkurborgar sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar sinnar.

Umsækjandi um ferðaþjónustu samkvæmt reglum þessum skal uppfylla eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða:

- a) Er hreyfihamlaður og þarf að nota hjólastól. Miðað er við að hreyfihömlun hafi varað í þrjá mánuði eða lengur eða um varanlega hreyfihömlun sé að ræða.
- b) Er blindur.

c) Er ófær um að nota almenning afarartæki vegna annarrar langvarandi fötlunar.

Skilyrði fyrir veitingu ferðþjónustu samkvæmt reglum þessum er að fötlun umsækjanda falli að skilgreiningu 2. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum¹ og að umsækjandi eigi ekki rétt á niðurgreiddri akstursþjónustu frá öðrum aðilum eða rétt á akstri samkvæmt öðrum lögum, reglugerðum eða reglum.

Þeir umsækjendur sem hafa fengið styrk til bifreiðakaupa frá Tryggingastofnun ríkisins og þeir sem njóta bensínstyrks skulu ekki njóta réttar til ferðþjónustu samkvæmt reglum þessum. Þó er heimilt að veita undanþágu frá framangreindu skilyrði vegna sérstakra aðstæðna s.s. færðar, tímabundinna veikinda eða bilunar á bifreið sem þeir hafa til umráða.

Reglur þessar taka ekki til þeirra sem eru eldri en 67 ára. Hafi einstaklingur sem orðinn er 67 ára talist fatlaður samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks og notað ferðþjónustu fatlaðs fólks áður en hann náði þeim aldri á hann rétt á því áfram á meðan þörf krefur.

2. gr.

Ferðþjónusta fyrir fötluð börn

Forráðamenn barna geta sótt um akstur samkvæmt reglum þessum fyrir börn vegna tómstunda, læknisferða, sjúkraþjálfunar eða til að rjúfa félagslega einangrun. Börn yngri en sex ára skulu ávallt vera í fylgd fullorðins einstaklings þegar þau ferðast með ferðþjónustu fatlaðs fólks. Þurfi barn bílstól er það á ábyrgð forráðamanna að útvega hann.

Reglur þessar taka ekki til skólaaksturs barna í grunnskóla. Með skólaakstri er átt við allan akstur á skólatíma, þ.m.t. á þeim tíma sem barn dvelst í lengdri viðveru á vegum skólans.

3. gr.

Umsóknir og gildistími

Skilyrði er að umsækjandi um ferðþjónustu samkvæmt reglum þessum eigi lögheimili í Reykjavík.

Umsókn um ferðþjónustu fatlaðs fólks skal senda til þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar í hverfi umsækjanda. Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um fyrir sína hönd.

Umsókn um undanþágu frá 4. mgr. 1. gr. vegna sérstakra aðstæðna s.s. færðar, tímabundinna veikinda eða bilunar á bifreið sem notandi hefur til umráða skal senda til þjónustumiðstöðvar Reykjavíkur í hverfi umsækjanda. Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um fyrir sína hönd.

Þjónustumiðstöðvum er heimilt að óska eftir læknisvottorði þegar þörf er á nánari upplýsingum um fötlun umsækjanda.

¹ 2. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks er svohljóðandi: „[Einstaklingur á rétt á þjónustu samkvæmt lögum þessum sé hann með andlega eða líkamlega fötlun og þarfnist sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum.]¹⁾ Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum.“

Umsókn skal metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér þjónustu almenningsvagna og/eða aðra ferðamöguleika.

Gildistími samþykktar umsóknar skal taka mið af þörf hvers og eins.

Umsækjanda ber að upplýsa þjónustumiðstöð um breytingar á högum sínum. Ef um er að ræða verulegar breytingar á högum umsóknaraðila eftir að umsókn hefur verið samþykkt er þjónustumiðstöð heimilt að endurskoða gildistíma samþykkis fyrir ferðapjónustu.

4. gr. Þjónustutími

Þjónustutími ferðapjónustu fatlaðs fólks miðast við þjónustutíma almenningsvagna Strætó bs.

Akstur á stórhátíðardögum er með sama hætti og á sunnudögum.

Miðað er við að ferðir hefjist innan þjónustutíma.

5. gr. Réttur til þjónustu

Ferðir til vinnu, skóla, lækninga og hæfingar ganga fyrir öðrum ferðum. Viðmið um ferðafjölda skulu taka mið af þörfum hvers og eins.

Fjöldi ferða í heild, þ.e. til vinnu, skóla, lækninga, hæfingar og einkaerinda skal ekki fara yfir 60 ferðir á mánuði.

Þjónustumiðstöðvum er þó heimilt að veita fleiri ferðir til þeirra notenda sem eru, auk þess að stunda vinnu eða skóla, í mikilli virkni, s.s. íþróttum eða skipulögðu félagsstarfi. Um er að ræða að hámarki 20 ferðir og getur því hámark ferða aldrei verið herra en 80 ferðir á mánuði. Notandi skal greiða herra gjald fyrir ferðir umfram 60 á mánuði samkvæmt gjaldskrá.

6. gr. Pantanir/afpantanir

Notendur skrá pantanir á netinu eða í gegnum síma þjónustuvers Strætó bs. Tekið er á móti pöntunum alla daga á opnunartíma þjónustuvers. Eigi er unnt að tryggja að hægt sé að veita þjónustu til einstaklinga nema pantað sé með a.m.k. tveggja klukkustunda fyrirvara, þó reynt sé að bregðast við pöntunum eins fljótt og auðið er.

Notendur skulu gefa upplýsingar um fastar ferðir vegna t.d. vinnu, skóla eða hæfingar til að þjónustuaðilar geti leitað hagræðis við skipulagningu ferða.

Eigi er unnt að tryggja að unnt sé að veita þjónustu vegna hópferða nema þær séu pantaðar með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara. Hópur telst vera fjórir einstaklingar eða fleiri en hver einstaklingur greiðir eftir sem áður fyrir sig.

Afþöntun reglubundinna ferða skal vera með sem lengstum fyrirvara, helst deginum áður, en í undantekningartilvikum með tveggja klukkustunda fyrirvara fyrir áætlaða ferð. Að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri.

7. gr. Tilhögun ferða

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur frá A til B innan höfuðborgarsvæðisins.

Notendur skulu vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Biðtími fyrir notendur skal að jafnaði ekki fara yfir tíu mínútur frá umsömdum tíma. Við sérstakar aðstæður skal veita notanda aðstoð við að komast frá brottfararstað í bílinn.

Ekki er beðið á meðan notandi sinnir erindi sínu.

Miða skal við að ferðatími milli staða sé svipaður og hjá almenningssvögnum.

Ferðatími notanda skal ekki vera lengri en 60 mínútur í senn. Notendur þurfa þó að vera viðbúnir töfum eða breytingum á áætlun, s.s. vegna færðar og umferðartafa á annatímum.

Ferðaðþjónustan er sérhæfð þjónusta og byggist á samnýtingu ökutækja þannig að fleiri en einn notandi ferðast að jafnaði saman.

Bílstjórum er ekki heimilt að sinna sendiferðum fyrir notendur. Notanda sem ekið er til læknis er heimilt að hringja eftir akstri til baka að viðtali loknu enda hafi það ekki verið vitað fyrirfram hve viðtalið tæki langan tíma.

8. gr. Tímabundið samþykki

Þegar notendur ferðaðþjónustu fatlaðs fólks dvelja tímabundið utan þjónustusvæðis ferðaðþjónustunnar og óska eftir ferðaðþjónustu þar sem þeir eru staddir, er það heimilt ef fyrirliggjandi er samþykkt frá þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar um ferðaðþjónustu. Samþykkt skal vera tímabundin, að hámarki í þrjá mánuði.

Íbúar annarra sveitarfélaga en Reykjavíkurborgar sem óska eftir ferðaðþjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík vegna tímabundinnar dvalar þar geta sótt um að fá ferðaðþjónustu fatlaðs fólks á þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar að því tilskyldu að þeir hafi samþykkt fyrir henni í lögheimilissveitarfélagi og viðkomandi sveitarfélag greiði kostnað við ferðir.

9. gr. Aðrir farþegar og aðstoðarmenn

Notanda er heimilt að hafa með sér einn farþega og greiðir notandinn þá sama gjald fyrir hann.

Börn undir sex ára aldri í fylgd með fötluðum foreldrum greiða ekkert gjald.

Fyrir fylgdarmann fatlaðs barns sem er yngra en sex ára er ekki greitt fargjald.

Geti notandi ekki ferðast einn að mati þjónustumiðstöðvar skal aðstoðarmaður fylgja honum. Fyrir aðstoðarmenn er ekki greitt fargjald.

10. gr. Gjald og þjónustusvæði

Gjald fyrir hverja ferð skal miðast við gjaldskrá Velferðarsviðs um ferðaþjónustu fatlaðs fólks.

Þjónustusvæði ferðaþjónustunnar er Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Reykjavík, Seltjarnarnes og Mosfellsbær.

11. gr. Öryggi

Ökutæki, ökumenn og aðrir starfsmenn sem koma að ferðaþjónustu fatlaðs fólks skulu uppfylla ákvæði gildandi laga og reglugerða um starfsemina auk þess sem hafa ber hliðsjón af leiðbeiningum velferðarráðuneytisins fyrir sveitarfélög um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk frá 24. janúar 2012.

Ökumaður sem sinnir ferðaþjónustu fatlaðs fólks skal hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla.

Ökumaður skal jafnframt reglulega sitja námskeið um þjónustu við fatlað fólk með það að markmiði að vera vel undirbúinn fyrir það verkefni að sinna ólíkum notendum og til að auka skilning og hæfni hans í þjónustunni.

Óheimilt er að ráða starfsmann til aksturs eða annarrar ferðaþjónustu sem hlotið hefur refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII., XXIII. eða XXIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum. Hafi umsækjandi gerst sekur um brot á ákvæðum laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og/eða umferðarlögum nr. 50/1987, með síðari breytingum, skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna starfi ökumanns.

Við ráðningu ökumanns skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild veitt af hans hálfu til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

Starfsfólk Strætó bs. skal skrifa undir yfirlýsingu um trúnaðar- og þagnarskyldu. Strætó bs. ber jafnframt að sjá til þess að starfsfólk verktaka skrifi undir slíka yfirlýsingu. Þagnarskyldan helst þó starfsmenn láti af störfum.

12. gr. Samráð

Fulltrúar samráðshóps félagsmálastjóra sveitarfélaga sem tilheyra þjónustusvæði ferðapjónustunnar þ.e. Hafnarfirði, Garðabær, Kópavogi, Reykjavík, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ auk Strætó bs., fulltrúar hagsmunaaðila og verktakar skipa þjónustuhóp til að fylgjast með framkvæmd akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu. Þjónustuhópurinn skal hittast á fjögurra mánaða fresti til að fara yfr framvindu þjónustunnar, árangur og hvað betur megi fara.

13. gr. Málsmeðferð

Um málsmeðferð fer samkvæmt XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

14. gr. Upplýsingaöflun og samvinna

Aðstæður umsækjanda eru kannaðar svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn hefur borist. Öflun gagna og upplýsinga fer fram í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við persónulegan talsmann hans eða umboðsmann hans ef við á. Persónulegur talsmaður skal leggja fram samkomulag við hinn fatlaða, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

15. gr. Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti.

Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Ökumenn og aðrir starfsmenn ferðapjónustu fatlaðs fólks skulu skrifa undir yfirlýsingu um trúnað. Trúnaðarskylda helst þó að látið sé af starfi.

16. gr. Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn þjónustumiðstöðva taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

Ábendingum notenda varðandi þjónustuna skal beina til viðkomandi þjónustumiðstöðvar.

17. gr.
Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til að fara fram á að velferðarráð Reykjavíkurborgar fjalli um ákvörðunina. Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til velferðarráðs Reykjavíkurborgar frá því að honum barst vitneskja um ákvörðunina. Velferðarráð Reykjavíkurborgar skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun velferðarráðs Reykjavíkurborgar er kynnt umsækjanda skriflega og um leið er honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála.

18. gr.
Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarráðs Reykjavíkurborgar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að tilkynning barst um ákvörðunina. Kæra telst fram komin innan kærufrests ef hún hefur borist úrskurðarnefndinni eða verið afhent pósthjónustu áður en fresturinn er liðinn.

19. gr.
Gildistaka

Reglur þessar eru settar á grundvelli 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks og taka gildi 1. janúar 2015.

Fylgiskjöl:

1. Reglur um ferðaþjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs 19. október 2005 og á fundi borgarráðs 24. nóvember 2005 með breytingum samþykktum velferðarráði 3. febrúar 2011 og borgarráði 10. febrúar 2011.
2. Sameiginlegar reglur fyrir ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu samþykkt velferðarráði þann 30. apríl 2014 og borgarráði þann 2. maí 2014.
3. Leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk, samkvæmt lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum.
4. Umsögn frá Ás styrktarfélagi.
5. Umsögn frá Blindrafélaginu.
6. Umsögn frá Geðhjálp.
7. Umsögn frá Landssamtökum Þroskahjálp.

8. Umsögn frá , SEM-samtök endurhæfðra mænuskaddaðra.
9. Umsögn frá Sjálfsbjörg-Landssamband fatlaðra.
10. Umsögn frá Öryrkjabandalag Íslands.
11. Umsögn frá réttindagæslumönnum fatlaðs fólks í Reykjavík og Seltjarnarnesi.